



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í tengslum við laxeldi, Stöðvarfirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2022/001

Forsíðumynd: Horft til norðausturs yfir deiliskipulagssvæðið.

© Guðný Zoëga, allur réttur áskilinn.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðafræði	4
Ágrip af sögu Kirkjubólssels	4
Fornleifaskrá	5
Hornar minjar með hnitum	9
Hornar minjar án hnita.....	10
Samantekt.....	11
Heimildaskrá	13

Inngangur

Að beiðni Fjarðabyggðar voru fornleifar skráðar á byggingareit neðan götunnar Sævarenda á Stöðvarfirði. Um er að ræða framkvæmdasvæði tengt væntanlegu laxeldi í firðinum. Svæðið náði að vestan frá verksmiðju á Seltanga út að vesturenda núverandi hafnarkants austan svokallaðrar Selfjöru. Yfirlitsteikning af svæðinu er aftast í skýrslu. Við skýrslugerðina lágu útmörk mannvirkja ekki fyrir. Því eru allar minjar innan atvinnulóðarinnar metnar í mikilli hættu. Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, sá um skráningu, úrvinnslu og skýrsluskrif.

Upplýsingar veittu eftirtaldir heimildamenn:

Hrafn Baldurson í Rjóðri

Halldór Ólafur, Ársæll og Sigurjón Guðnasynir frá Sjólyst.

Heimildamönnum eru færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2773

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>



Mynd 1. Loftmynd af svæðinu tekin 1958. Tekin af vef Landmælinga.

samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem minjarnar liggja allar í fyrrum landi Kirkjubólssels er nafn þeirrar jarðar notað en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfelli er 2773. Einstaka minjar fá svo einnig hlaupandi númer og þannig fær hlaða frá afbýlinu Laufási númerið Kirkjubólssel 2773-1.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum landrofs vegna ágangs sjávar.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Ágrip af sögu Kirkjubólssels

Svæðið sem skráð var er í landareign Kirkjubólssels, en jörðin var hjáleiga frá Kirkjubóli. Yngri bæjarhús á Kirkjubólsseli eru nú innstu hús í þorpinu í Stöðvarfirði. Gamli bærinn var nokkru ofar í túni. Í jarðatali frá 1847² er jörðin talin 6 hundruð úr heimajörðinni. Kirkjubólssels er hvergi getið í fornum heimildum, né í manntali 1703. Jarðarinnar er fyrst getið í manntali 1816 og þá bjuggu þar sex manns.³ Samkvæmt Sveitum og jörðum⁴ bjó þar fyrst maður að nafni Eiríkur Brynjólfsson, líklega snemma á 19. öld en í manntali 1916 er bóndi þar Sigurður Sigurðarson. Seinasti ábúandi var Arnleifur Þórðarson, en búskapur var aflagður á jörðinni á áttunda áratug 20. aldar.

² Johnsen, 377.

³ www.manntal.is

⁴ 3. bindi, 266.



Mynd 2. Yfirlitsteikning sem sýnir legu minja á svæðinu.

Lýsing á svæðinu

Væntanlegt framkvæmdasvæði nær yfir svokallaðan Seltanga, austasta hluta Selsands og mestalla Selfjörü, neðan við götuna Sævarenda. Gatan liggur skáhallt til vesturs niður að verksmiðjuhúsum sem reist voru á Seltanganum milli 1967 og 1969. Á loftmynd frá 1958 má sjá tóftarleifar á Seltanga, tvo grjóthlaðna veggj úr hjalli. Þessi bygging er ekki sýnd á túnakorti frá 1920 en þar sjást tveir matjurtagarðar ofan Selfjörunnar. Um 60m inn af Seltanga eru leifar matjurtagarða um 15 ofan við fjöruborð. Leifar hjallsins og matjurtagarðarnir eru nú horfnir undir verksmiðjuna og framkvæmdir umhverfis hana. Um 200m utan (austan) Seltanga var húsið Sjólyst. Á loftmynd frá 1958 má sjá þar íbúðarhús og einar þrjár byggingar í nágrenni þess. Bærinn var byggður 1942-3 og minjar umhverfis hann tilheyrðu honum Samkvæmt heimildamönnum voru einnig sjóhús frá Kirkjubólsseli, Ekru og Laufási ofan fjöru en engin merki þeirra sjást nú.

Fornleifaskrá

Kirkjubólssel 2773-1

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Grjóthlaðin hlöðutóft er í gróinni brekku um 30m neðan vegar og 60m nv af gamla verksmiðjuhúsinu.

Lýsing

Tóftin er um 5x6m að utanmáli. Hún er grjóthlaðin og dyr hafa vitað í suður. Veggir eru mestir 1,2m á hæð og 80cm breiðir.

Aðrar upplýsingar



Mynd 3.. Grjóthlaðinn grunnur hlöðu [2773-1] sem mun hafa verið frá grasbýlinu Laufási.

Heimildamenn segja tóftina hafa verið hlöðu frá Laufási sem var grasbýli á Kirkjubólstorfunni. Laufás er ekki lengi í byggð en það er fyrst að finna í fasteignamati frá 1916-1918.

Kirkjubólssel 2773-2

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Staðhættir

Um 80m austur af verksmiðjuhúsinu er bátsлага niðurgröftur með hleðslu í bakka ofan fjöru.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 4m á lengd og 2m á breidd. Hann er stefnislaga og hefur stóru grjóti verið hlaðið upp við bakkann. Hleðslan er nú mjög hrunin. Niðurgröfturinn er hæstur um 1m.

Aðrar upplýsingar

Þarna hafa bátar verið dregnir úr fjörunni upp á bakkann. Heimildamenn könnuðust við að bátar hafi verið settir upp þarna í fjörunni. Ekki er þó öruggt frá hvaða bæ þetta uppsátur var þar sem að nokkrir bæir áttu sjóhús við Selfjöruna. Aldur er líka óviss. Hleðslur eru mjög hrundar og úr lagi gengnar.



Mynd 4. Uppsátur [2773-2] í sjávarbakka ofan fjöru.



Mynd 5. Yfirlitsmynd tekin af svæðinu 26.06.2022. Númerin vísa til minja í fornleifaskrá. Fornleifar nr. 5 og 10 eru horfnar.

Kirkjubólssel 2773-3

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður

Tegund: Niðurgroftur, hleðsla

Staðhættir

Um 140m inn (austur) af verksmiðjuhúsinu og um 40m vestur af húsinu Sjólýst eru leifar af garðlagi og niðurgreftri. Garðurinn er uppi á brekkubrún ofan fjöru.

Lýsing

Lágt garðlag afmarkar ferkantaðan niðurgroft um 7x10m á stærð. Garðlagið er gleggst austast. Þarna er líklega um að ræða matjurtagarð sem hefur verið afgirtur með girðingu.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn könnuðust við þennan matjurtagarð og sögðu að bátar hefðu verið settir upp í fjörunni neðan hans.

Kirkjubólssel 2773-4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla, niðurgroftur

Staðhættir

Fjórir matjurtagarðar liggja í röð skammt neðan götunnar Sævarenda. Þessir garðar eru ekki sýnilegir á loftmynd frá 1958. Einu myndirnar sem garðarnir sjást á eru loftmyndir frá 1984 og 1986.

Lýsing

Þetta er innsti eða vestasti garðurinn. Hann er um 9x15m að stærð.

Kirkjubólssel 2773-5

Hlutverk: Veiðarfærageymsla, híbýli

Tegund: Húsgrunnur

Staðhættir

Um 30m sv af húsinu Sjólyst var veiðarfærageymsla. Hún sést á loftmynd frá 1958 en er horfin á loftmynd frá 1988. Þarna er nú einungis ferköntuð slétt flöt en húsið hefur verið fjarlægð.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Halldór Ólafur Guðnason segir þetta hafa verið veiðarfæraskúr og geymslu og að fjölskyldan hafi búið þarna í ár meðan verið var að byggja húsið Sjólyst.

Kirkjubólssel 2773-6

Sérheiti: Sjólyst

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið Sjólyst var byggt í landi Kirkjubólssels 1942-1943. Húsið stóð austast við Selfjöruna um 20m ofan fjörunnar.

Aðrar upplýsingar

Húsið var rífið á 9 áratug aldarinnar. Á síðustu notkunarárum þess var það notað sem fjárhús og hlaða.

Kirkjubólssel 2773-7

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Staðhættir

Fjórir matjurtagarðar liggja í röð skammt neðan götunnar Sævarenda. Þessir garðar eru ekki sýnilegir á loftmynd frá 1958. Einu myndirnar sem garðarnir sjást á eru loftmyndir frá 1984 og 1986.

Lýsing

Þetta er ysti og austasti garðurinn. Hann er um 6x8m að stærð.

Kirkjubólssel 2773-8

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Staðhættir

Fjórir matjurtagarðar liggja í röð skammt neðan götunnar Sævarenda. Þessir garðar eru ekki sýnilegir á loftmynd frá 1958. Einu myndirnar sem garðarnir sjást á eru loftmyndir frá 1984 og 1986.

Lýsing

Þetta er annar garðurinn talið að austan. Hann er um 5x5m að stærð.

Kirkjubólssel 2773-9

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Staðhættir

Fjórir matjurtagarðar liggja í röð skammt neðan götunnar Sævarenda. Þessir garðar eru ekki sýnilegir á loftmynd frá 1958. Einu myndirnar sem garðarnir sjást á eru loftmyndir frá 1984 og 1986.

Lýsing

Þetta er þriðji garðurinn talið að austan. Hann er um 6x8m að stærð.

Kirkjubólssel 2773-10

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 20m suðaustan þar sem Sjólyst stóð og rétt um 10m vestur af núverandi hafnargarði er slétt aflöng flöt.

Lýsing

Þarna er um 3x10 slétt flöt en engin ummerki um byggingar að öðru leyti. Á loftmynd frá 1958 má sjá þarna hús en er horfið á loftmynd frá 1969. Tóftaveggir eru áfastir austan þess.

Aðrar upplýsingar

Ársæll Guðnason segir lengju af sjóhúsum hafa verið utan og neðan við Sjólyst. Heimildamenn segja sjóhús frá Laufási, Ekru og Kirkjubólsseli hafi verið ofan fjörunnar en frekari staðsetning þeirra er ókunn. Kunna að hafa verið hlut af þessari sjóhúsaröð.

Horfnar minjar með hnitum**Kirkjubólssel 2773-11**

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á loftmynd frá 1958 má sjá leifar tveggja hlaðinna grjóttveggja á Selnesi þar sem gamla verksmiðjuhúsið stendur.

Lýsing

Tóftin líkist mjög hjallbygginum sem finna má víða við sjávarsíðuna austanlands en hún hefur augljóslega verið aflögð 1958 þar sem einungis grjóttveggirnir eru eftir.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Halldór Ólafur Guðnason man eftir hleðslum þarna. Hjallurinn hefur tilheyrð Kirkjubólsseli en sést ekki á túnakorti frá 1920 enda sýnir það einungi útmörk túna, íbúðarhús og sáðgarða.

Kirkjubólssel 2773-12

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 eru sýndir tveir matjurtagarðar neðst í túni austan Seltanga. Um 20m beint austur af gamla verksmiðjuhúsinu þar sem nú eru leifar af tanki.

Aðrar upplýsingar

Matjurtagarður sést á loftmynd rétt ofan fjöruborðs austan Seltangans. Engin ummerki sjást lengur um þennan garð.

Kirkjubólssel 2773-13

Hlutverk: Óþekkt, kartöflugeymsla, sjóbúð?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fast austan við matjurtagarð [2773-12] má á loftmynd frá 1958 sjá mögulegar tóftaleifar. Erfitt er að greina hvort tóftin er stakstæð eða áföst matjurtagarðinum.

Aðrar upplýsingar

Gæti mögulega verið ein þeirra sjóbúða sem heimildamenn segja að hafi verið þarna við fjöruna en gæti líka verið smærri matjurtagarður eða kartöflugeymsla. Engin ummerki sjást lengur um þessa tóft.

Horfnar minjar án hnita

Kirkjubólssel 2773-14

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 eru sýndir tveir matjurgarðarðar neðst í túni austan Seltanga. Um 20m beint austur af gamla verksmiðjuhúsinu þar sem nú eru leifar af tanki.

Aðrar upplýsingar

Matjurtagarður sést á loftmynd rétt ofan fjöruborðs austan Seltangans. Engin ummerki sjást lengur um þennan garð og hann sést heldur ekki á loftmyndinni frá 1958. Vera kann að matjurtagarður [2773-3] sé þessi garður en hann er þó nokkru lengra í burtu en túnakortið gefur til kynna.

Kirkjubólssel 2773-15

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn segja sjóhús frá Laufási, Ekru og Kirkjubólsseli hafi verið ofan fjörunnar en frekari staðsetning þeirra er ókunn. Kunna að hafa verið hlut af sjóhúsaröð neðan og utan Sjólystar [2773-10].

Kirkjubólssel 2773-16

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn segja sjóhús frá Laufási, Ekru og Kirkjubólsseli hafi verið ofan fjörunnar en frekari staðsetning þeirra er ókunn. Kunna að hafa verið hlut af sjóhúsaröð neðan og utan Sjólystar [2773-10].

Kirkjubólssel 2773-17

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn segja sjóhús frá Laufási, Ekru og Kirkjubólsseli hafi verið ofan fjörunnar en frekari staðsetning þeirra er ókunn. Kunna að hafa verið hlut af sjóhúsaröð neðan og utan Sjólystar [2773-10].

Samantekt

Við skráningu framkvæmdasvæðis neðan götunnar Sævarenda voru alls skráðar alls 17 minjar, þar af voru 8 minjar enn til staðar en fimm minjar var hægt að staðsetja með því að bera saman hnitaðar loftmyndir frá 2021 og 1958.⁵ Fjórar minjar voru skráðar eftir heimildum en staðsetning þeirra er ókunn.

Tafla 1. Tafla yfir fjölda minja á skráningarsvæðinu.

Fjöldi minja	Með hnitum	Án hnita	Samtals
Enn til staðar	8		8
Horfna	5	4	9
Alls:			17

Allar minjarnar teljast hefðbundnar menjar sjávarbúskapar og þéttbýlismyndunar á fyrri hluta 20. aldar. Hlöðutóft [2773-1] frá afbýlinu Laufási, uppsátur [2773-2] við fjöruborð og mögulega matjurtagarður [2773-4] gætu talist fornleifar en eru þó líklega allt minjar frá fyrri hluta 20. aldar. Allar minjar tengdar býlinu Sjólyst eru frá því um og fyrir miðja 20. öld. Matjurtagarðagarðar efst á svæðinu [2773-4, 7, 8 og 9] sjást fyrst á loftmynd frá 1984 og eru þeir því frá síðari hluta 20. aldar. Minjar á svæðinu hafa nú þegar orðið fyrir nokkrum skakkaföllum vegna legu við sjó og framkvæmdir við verksmiðjuna sem stendur á Seltanga. Ummerki um byggingar hafa líka verið fjarlægðar með stórvirkum vinnuvélum og því fátt eftir sem minnir á þær nema kannski sléttar flatir þar sem húsin stóðu áður. Eina heillega húsatóftin á svæðinu er tóft hlöðu sem tilheyrði Laufási. Þak var enn á tóftinni 1969 en óvíst hvort hlaðan hefur verið nýtt svo lengi og óvíst hvað hlaðan er gömul en þó ekki ólíklegt að hún sé eitt þeirra húsa sem talið er með í fasteignamati 1916-1918.⁶

Við skráninguna lá ekki fyrir hvar mannvirki verða sett niður þannig að allar minjar sem enn eru til staðar innan framkvæmdasvæðis eru metnar í mikilli hættu. Samkvæmt 100 ára reglu

⁵ Sjá tímaflakk á síðunni www.map.is.

⁶ <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-1>

Laga um menningarminjar⁷ teljast þó fæstar þessara minja til fornleifa samkvæmt laganna hljóðan en þær voru þó skráðar til að um þær væru heimildir.

Minjar sem eru horfnar eða staðsetning óþekkt teljast ekki í hættu. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

⁷ Nr. 80 frá 2012 á síðunni <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Kirkjubólsporrpsland. Skráð af Stefáni Einarssyni eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.06.2020

www.manntal.is

Sóknarmannatöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.06.2020

<https://skjalasafn.is/heimild/soknarmannatol>

Yfirmat fasteigna 1918 á vef landsbókasafns. Skoðað 26.06.2020

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Jar%C3%B0amat;%20Su%C3%B0ur-M%C3%BAlas%C3%BDsla/>

Heimildamenn:

Halldór Ólafur Guðnason

Sigurjón Guðnason

Ársæll Guðnason

Fylgiskjöl

Sævarendi - laxeldi - hnitasrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Minjar með hnitum										
2773-1		hlaða	tóft	1920	1960	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	742525	491431
2773-2		uppsátur	hleðsla	1800	1969	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	742540	491401
2773-3		matjurtagarður, uppsátur	hleðsla	1980	1990	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	742607	491419
2773-4		matjurtagarður	hleðsla	1980	1990	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	742518	491450
2773-5		veiðarfærahus, geymsl	hleðsla	1930	1969	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	742618	491404
2773-7		matjurtagarður	hleðsla	1980	1990	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	742620	491451
2773-8		matjurtagarður	garðlag	1980	1990	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	742600	491455
2773-9		matjurtagarður	garðlag	1980	1990	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	742578	491455
Hornar minjar með hnitum										
2773-6	Sjólyst	hýbýli	heimild	1943	1980	horfin	engin hætta		742655	491414
2773-10		sjóhús	heimild	1920	1930	horfin	engin hætta		742673	491398
2773-11		hjallur	heimild	1900	1930	horfin	engin hætta		742411	491397
2773-12		matjurtagarður	heimild	1900	1930	horfin	engin hætta		742481	491404
2773-13		óþekkt	heimild	1900	1930	horfin	engin hætta		742498	491401
Hornar minjar án hnita										
2773-14		matjurtagarður	heimild	1900	1957	horfin	engin hætta			
2773-15		sjóhús	heimild	1800	1920	horfin	engin hætta			
2773-16		sjóhús	heimild	1800	1920	horfin	engin hætta			
2773-17		sjóhús	heimild	1800	1920	horfin	engin hætta			

Yfirlit yfir minjar við Sævarenda á Stöðvarfirði

